



REIÐMAÐURINN

Nám í reiðmennsku og hrossarækt



**Reiðmaðurinn er á vegum Endurmenntunar
Landbúnaðarháskóla Íslands**

Reiðmaðurinn er tveggja ára nám, sem hægt er að taka samhliða vinnu eða öðru námi. Bóklegi hlutinn er tekinn fyrst og fremst í fjarnámi en einnig er tveggja daga staðarlota á Hvanneyri á önn. Fjórar verklegar helgar eru á hverri önn þar sem unnið er með eigin hest. Áætlað er að bjóða verklega námið fram í Húnavatnssýslu, á höfuðborgarsvæðinu og Hellu (sett með fyrirvara).

Megináhersla er lögð á reiðmennsku. Einnig er fjallað um almenn atriði sem snúa að hrossarækt og almennu hestahaldi, s.s. fóðrun, frjósemi og kynbætur. Námið er metið til 33 ECVET – eininga á framhaldsskólastigi og lýkur námskeiðsröðinni með sérstakri viðurkenningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Reiðmaðurinn er heiti á námskeiðsröð sem ætluð er fróðleiksfúsu hestafólki. Námið er tilvalið fyrir þá sem vilja auka færni sína í reiðmennsku og þekkingu á hrossarækt og almennu hestahaldi.

Endurmenntun Lbhí sér um framkvæmdina en að auki koma Landssamband hestamannafélaga og Félag hrossabænda að náminu.

Nánari upplýsingar um Reiðmanninn og umsóknaeyðublað má finna á www.lbhi.is/namskeid eða um netfangið endurmenntun@lbhi.is

**Umsækjendur
þurfa að hafa náð
16 ára aldri**

**Umsókna-
frestur er til
4. júní 2011**